

# Færðu Safnasafninu myndverk Thors

• Myndlistarverk Thors Vilhjálmssonar eru mörg hundruð talsins • Sterk tengsl við Safnasafnið

Axel Helgi Ívarsson axel@mbl.is Bræðurnir Örnólfur Thorsson forsetaritari og Guðmundur Andri Thorsson, rithöfundur og þingmaður, hafa gefið Safnasafninu á Svalbarðsströnd safn myndlistarverka eftir föður sinn, Thor Vilhjálmsson rithöfund.

Axel Helgi Ívarsson  
axel@mbl.is

Bræðurnir Örnólfur Thorsson forsetaritari og Guðmundur Andri Thorsson, rithöfundur og þingmaður, hafa gefið Safnasafninu á Svalbarðsströnd safn myndlistarverka eftir föður sinn, Thor Vilhjálmsson rithöfund. „Við gáfum listaverkin til Safnasafnsins vegna þess að pabbi hafði tengsl við safnið og þekkti þau Magnhildi [Sigurðardóttur] og Níels [Hafstein]. Foreldrar mínir höfðu búið hjá þeim og með þeim var góð vinátta,“ segir Guðmundur Andri Thorsson í samtali við Morgunblaðið, aðspurður af hverju þeir bræður völdu að færa Safnasafninu myndlistarsafn Thors.



Mynd eftir Thor Guðmundur Andri og Örnólfur Thorssynir sýna hér eitt verka föður síns, Thors Vilhjálmssonar. Myndin er nafnlaus. Bræðurnir gáfu Safnasafninu hundruð verka Thors, sem vann myndir milli skrifta.

## Ekki til betri staður fyrir safnið

„Harpa Björnsdóttir myndlistarmaður sett upp mjög fallega og skemmtilega sýningu á verkum Thors í Safnasafninu fyrir þremur árum. Okkur fannst svo vel að því staðið að við sáum að þetta væri rétti staðurinn fyrir málverkin hans. Aðalatriðið er auðvitað að safnið sjálft er einstakt og að mínu mati það flottasta á landinu. Ég get því ekki hugsað mér betri stað og ég veit að þau Níels og Magnhildur munu finna leið til að sýna verkunum sóma,“ segir Guðmundur Andri að auki um hvers vegna Safnasafnið varð fyrir valinu.

Aðspurður hversu mörg verkin séu í safni Thors segir Guðmundur Andri að þau séu nokkur hundruð talsins. „Bæði stærri málverk og minni, unnin með ýmsum litum og aðferðum,“ segir Guðmundur. „Við þökkum þeim vel og vandlega inn með hjálp frá Hörpu Björnsdóttur og afhentum verkin nánast eins og þau lögðu sig. Náttúrliga héldum við einhverjum verkum eftir fyrir okkur og okkar fjölskyldur,“ segir Guðmundur aðspurður hvort öll málverkin hafi verið afhent eða hvort það verði gert í nokkrum hlutum.

Hann segir föður sinn hafa notað myndlistina til að hvíla sig á ritstörfum. „Hann hafði mikla ánægju af myndlistinni og var afkastamikill en hann leit ekki beinlínis á sig sem myndlistarmann. Fyrst og fremst var myndlistin honum til ánægju og það er einnig í þeim anda sem við færum Níels og Magnhildi á Safnasafninu málverkasafnið,“ segir Guðmundur Andri um föður sinn.

## Byrjaði ungur í myndlist

Myndlistarferill Thors hófst þegar hann var ungur maður í París kringum 1950. „Þar er hann að stunda myndlist og gerir grafíkverk. Hann var með grafíkmyndir í sínum fyrstu bókum en auk þess gerði hann bókarkápurnar sjálfur. Safnið inniheldur myndir frá þeim tíma og alveg til hans hinna dags. Það er því hægt að sjá hvernig hann þróast og breytist sem myndlistarmaður,“ segir Guðmundur Andri.

Þá bendir hann einnig á að Thor umgekkst marga myndlistarmenn síns tíma og skrifaði m.a. um Kjarval, Svavar Guðnason og Tryggva Ólafsson. „Hann var því ávallt í nánu sambandi við myndlistarmenn og myndlist. Þetta var hans stóra ást fyrir utan skriftnar,“ segir Guðmundur Andri.

Aðspurður hvort eitthvað liggi fyrir um sýningar á verkum Thors í Safnasafninu segir Guðmundur Andri að slíkar sýningar verði eflaust á dagskrá í framtíðinni en enginn ákveðinn tími hafi verið sleginn niður eins og er. „Þau Níels og Magnhildur eiga eftir að fara í gegnum verkin og eftir það geta þau gert sér betri grein fyrir því hvernig þau ætla að standa að því að sýna verk úr safninu,“ segir Guðmundur.